

ÁLVER Í HELGUVÍK?

FOR
TRANSLATION
ASK A LOCAL

Sogin í Trölladyngju, þarna er mikil litasínfónía. Þetta svæði er íhættu eins og Krýsuvík. Tilraunaboranir hafa ekki gefið góðan árangur. Hugmynd Landsnets gengur út á að fara með háspennulínu yfir Sveifluhálsinn, ofan í Ketilstíginn, eina vinsælastu gönguleiðina á Reykjaneskaga, yfir Móhalsadal og upp í Trölladyngju, þar sem finna má náttúruperluna Sög.



Frá litríku hverasvæðinu í Seltúni sem fjölmargir ferðamenn heimsækja.



Ellert Grétarsson, ljósmyndari og blaðamaður á Reykjanesi, hóf markvisst að vinna í að ljósmynda Krýsuvíkursvæðið í fyrri- vor í þeim tilgangi að vekja athygli á þessari útivistarparadis en hann óttast að honum tækist ekki að safna efni í ljósmyndabók áður en helstu náttúruperlurnar verða virkjunarframkvæmdum að bráð. "Þeir eru að fara bora. Hitaveita Suðurnesja eru komnir með rannsóknarleyfi á fjórum stöðum útaf álveri í Helguvík, og það á að byrja á allavega tveimur stöðum, Baðstofunni og Austurengjahver. Svo ætla Landsnet að leggja háspennulínu yfir vinsælasta hverasvæðið. Þetta er ein vinsælasta gönguleiðin og hverasvæðin eru náttúruperlur sem bjóða upp á endalausa fegurð í þeirri litadyrð sem einkenna þau. Það á að rústa þeim náttúruperlum sem hvað mest er varið í hér á Reykjaneskaganum og enginn segir neitt."

Vinsælt útivistarsvæði

"Þetta er eitt vinsælasta útivistarsvæðið í nágrenni við þéttbýlustu byggð landsins og þessu á að breyta í iðnaðarsvæði. Það er skrítið með tilliti til þess að áhugi á náttúrunni og útivist hefur stóruvíkist síðustu ár, í dag eru að mæta um 100 manns í gönguferðir á þessu svæði. Áhugi á náttúruskoðun á Reykjaneskaga er greinilega mikil og eykst sífellt. Svæðið frá Krýsuvík yfir í Trölladyngju er kjörlandi útivistarunnenda og gönguleiðir þar mjög vinsælar, maður hefur á tilfinningunni að vera mjög fjarri mannabyggðum, þó svæðið sé aðeins steinsnar frá mesta þéttbýlissvæði landsins. Það er ekki síst sú tilfinning sem gerir svæðið mjög heillandi, fyrir utan stórbrotna náttúru þess."

Náttúrufergur á fyrirhuguðu virkjunarsvæði við Austurengjahver.



Sveifluháls aðskiltur Krýsuvík og Móhalsadal.

